

slikra kenninga. Þarf ekki annað en minna á Helga Pétursson Þorstein Erlingsson, vort göfugasta frelsisskáld, öldunginn Matth. Jochumson og Jón Ólafsson, frumherja kykjulegs frelsis í landinu, Guðm. Hannesson, Einar Hjörleifsson og ráðherrann sjálfan. Þó menn geti deilt um það, ef þeir vilja, að Hannes Hafsteinn hafi verið hikandi í undirskriftarmálinu, þá festum vér enga trú á því, en það er ekkert hik í ljóðum hans að kveða kjark og sjálfsvirðingu inn í þjóðina: „Kyrkjan, kyrkjan hún brennur“—þótt madömupilsíð flaggi í hálfu stöng—hennar fánamark—hennar „hvíti kross í bláum grunni“, við hjónavígslur og önnur hátíðleg tækifari,—ef hún leyfir ekki að grafa eftir gullinu, eða á meðan Heimskan „pattaralega prumpar í prédikunarstól“.

Þá eru og ótaldir próf. Finnur og dr. Valtýr, Björn rektor og Sigurður Guðmundsson, einhver einarðasti og efnilegasti skólamaður er vér eigum til.

En nóg er nú talið til þess að benda á að framtíðarhorfur frjálsra trúmála hafa aldrei verið jafnglæsilegar og nú. En áfram betur. „Heilir hildar til, heilir hildi frá, hermenn vor-gróðurs Íslands“.



HVAÐ SÉ EG - - - ?

Hvað sé eg þar í suðurátt - - ?
 Eg sé úr arni gneista fljúga,
 og drungaloftið dimt og grátt,
 og dulið margt,— svo kreppi'
 eg hnúa.

En bakvið drungann sé eg sól,
 og svarta þilið meyjarauga.—
 Eg sé í rökkri rammra hauga
 á regingilda Urðar drauga,
 er sitja á fáðum silfurstól.

En krapst er þó um útsýn enn,
 því enn oss vilja sjónir glepja
 þeir draugar:— kyrkja' og
 kreddu-menn;
 og kalt er enn, og svipuð nepja.
 En þörfin heimtar þokurof;
 og þekkingin—hið djúpa auga,
 mun horfa' í gróf þá hinstu
 drauga,
 og hlýum geislum jörðu lauga,
 og jafna að grunni ið hinsta hof.

Viðar.